



## Sjóvá-almennar tryggingar hf.

Breytingartillaga varðandi 11. dagskrárlið sem varðar tillögu stjórnar Sjóvar um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar.

### Greinargerð:

Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LV) hefur með bréfi formanns lífeyrissjóðsins til formanns Sjóvá óskað eftir því við Sjóvá að stjórn þess eða starfskjaranefnd geri breytingu á tillögu um stjórnarlaun og eftir atvikum önnur nefndarlaun á þann veg að þau hækki ekki umfram 18.000 kr. Beiðni LV er sett fram með vísan til þeirrar almennu sáttar sem náðst hefur á vinnumarkaði á grundvelli þeirrar leiðar sem farin var í Lífskjarasamningunum frá síðasta ári þar sem áhersla var lögð á krónutöluhækkunar. Nýgerðir kjarasamningar á hinum opinbera vinnumarkaði taka mið af samningum á almenna vinnumarkaðnum varðandi launahækkunar. Í erindi formanns stjórnar LV kemur einnig fram að LV telji það miklu skipta að haldið verði jafnvægi á vinnumarkaði þannig að laun stjórnar félaga hækki ekki umfram það sem samið hefur verið um í kjarasamningum.

Formaður stjórnar LV hefur í aðdraganda hluthafafundar verið í samskiptum við formann félagsins. Í ljósi tímafresta varð það niðurstaða að lífeyrissjóðurinn myndi gera breytingartillögu við fyrirbyggjandi tillögu stjórnar um stjórnarlaun. Því gerir LV eftirfarandi breytingartillögu.

### Breytingartillaga:

Gerð er tillaga um breytingu á launum formanns stjórnar. Lagt er til að laun stjórnarformanns hækki um sömu krónutölu og almennir stjórnarmenn þ.e. 15.000 krónur.

Tillagan verður þá eftir breytingu:

„Tillaga: Lagt er til að stjórnarlaun verði hækkuð úr kr. 370.000 í kr. 385.000 á mánuði og að laun stjórnarformanns verði kr. 755.000. Hvorum varamanni skal greidd eingreiðsla kr. 385.000 í upphafi starfsárs og að auki kr. 132.000 fyrir hvern fund sem hann situr. Lagt er til að þóknun til nefndarmanna tilnefningarnefndar verði kr. 30.000 á mánuði og kr. 40.000 fyrir hvern fund, sem er í samræmi við það sem verið hefur. Formaður fái 50% álag.“